Lindaskóli

Vinátta virðing viska




# Ytra mat Lindaskóla

## skólaárið 2018 – 2019

| | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta | Hvenær hefst | Hvenær lokið | Ábyrgðaraðili/ar | Endurmat, hvenær/hvernig |
|---|---|---|---|---|---|
| **Svið I - Stjórnun og fagleg forysta** | | | | | |
| • Útbúa og birta starfsáætlanir skólaráðs, nemendafélags og foreldrafélags á heimasíðu. | Að birta starfsáætlanir á heimasíðu skólans. | September 2019 | September 2019 | Skólastjóri | Að starfsáætlanir séu á heimasíðu. |
| • Gæta þess að allir hagsmunaaðilar komi að endurskoðun skólastefnu og stefnumótun í skólastarfinu. | Að fulltrúar úr skólasamfélaginu komi að stefnumótun og mikilvægum ákvörðunum um skólastarið. Á þessu skólaári er verið að vinna að nýrri skólamenningaráætlun/samskiptaáætlun. | September 2019 | Vor 2020 | Skólastjóri | Gæta þess að allir hagsmunaaðilar komi að stefnumótun skólastarfsins. |
| • Fylgja því eftir að skólaráð setji sér starfsáætlun og haldi árlega opinn fund fyrir skólasamfélagið. | Skólaráð setur sér starfsáætlun og heldur árlega opinn fund. Í haust verður opinn fundur þar sem ytra mat verður kynnt. | September 2019 | Október 2019. | Skólastjóri | Skólastjóri sér til þess að þetta sé gert. Opni fundur ársins verður þegar innra mat er kynnt. |
| • Veita endurgjöf á kennslu. | Skólastjórnendur munu fara reglulega í kennslustundir. Stjórnendur hafa útbúið gátlista sem nýtast til endurgjafar til kennara. | Október 2019 | Skólaárið 2019-2020 | Stjórnendur | Endurmat og samtal við kennara í lok dags eftir að stjórnendur hafa farið í kennslustund. |
| • Gæta þess að heimasíða sé uppfærð og fjarlægja eldra efni. | Komin er ný heimasíða og er verið að uppfæra allt efni á síðunni. | Ágúst 2019 | Október 2019 | Stjórnendur/ tölvuumsjónarmaður | Gæta þess að efni á heimasíðu sé uppfært reglulega. |
| • Gera stefnu skólans sýnilegri á heimasíðu. | Komin er ný heimasíða þar sem stefna skólans er aðgengileg. Ný heimasíða kynnt á skólasetningu í ágúst. | Ágúst 2019 | Ágúst 2019 | Stjórnendur/ tölvuumsjónarmaður | Gæta þess að stefna skólans sé alltaf sýnileg. |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| • Gæta þess að hagsmunaaðilar skólasamfélagsins komi að endurskoðun skólareglna. | Á vordögum hófst endurskoðun á skólareglum, fjallað hefur verið um það í skólaráði. Á skólaárinu verður farið yfir allar samskiptareglur. | Júní 2019 | Skólaárrið 2019-2020 | Stjórnendur | Gæta þess að hagsmunaaðilar komi að endurskoðun skólareglna. |
| • Setja fram sýnilega heilsustefnu fyrir starfsmenn skólans og framfylgja henni. | Upplýsa starfsmenn um heilsustefnu Kópavogsbæjar og skapa umræðu á vinnustað um mikilvægi þess að skólinn setji sér heilsustefnu. | Október 2019 | Skólaárið 2019-2020 | Stjórnendur | Að starfsfólk sé upplýst um heilsustefnu Kópavogsbæjar. |
| • Efla upplýsingagjöf til foreldra um nám og kennslu og leita eftir hugmyndum og tillögum foreldra um skólastarfið. | Foreldrar fá vikulega upplýsingar um nám og kennslu. Morgunfundir með stjórnendum 1x-2x á ári þar sem tækifæri gefst til að ræða og þróa hugmyndir. | Skólaárið 2019 -2020 | Alltaf í gangi | Stjórnendur | Spurningarlisti til foreldra í innra mati skólans, annað hvert ár. |

| Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta | Hvenær hefst | Hvenær lokið | Ábyrgðaraðili/ar | Endurmat, hvenær/hvernig |
|---|---|---|---|---|---|
| **Svið II – Nám og kennsla** | | | | | |
| • Gera betur grein fyrir tengslum grunnþátta menntunar við nám í námsvísum og áætlunum um kennslu. | Skólanámskrá verður endurskoðuð með það að leiðarljósi að grunnþættir menntunar séu sýnilegir. Farið verður yfir grunnþætti á fundi með kennurum í upphafi skólaárs. | Haust 2019 | Eða haust 2020 | Stjórnendur | Eftirfylgni af hálfu stjórnenda. Grunnþættir sýnilegir í námskrá vorið 2020. |
| • Skipuleggja og skrá þarf hvernig vinna eigi með lykilhæfni nemenda. | Bæta lykilhæfni í skólanámskrá. Hafa lykilhæfni sýnilega í kennsluáætlunum. Samþætta lykilhæfni við allar námsgreinar sem kenndar eru. | Hófst 2016 í unglinga-deild. | Ágúst 2020 | Stjórnendur og kennarar | Eftirfylgni af hálfu stjórnenda. Sýnilegt í skólanámskrá og kennsluáætlunum. |
| • Gefa nemendum á unglingastigi kost á vali í námi um fimmtungi námstímans. | Að nemendur í 8. bekk hafi kost á vali í námi um fimmtungi námstímans. Viðmiðunarstundaskrá yfirfarin. Fjölbreytt val er í 9. og 10. bekk. | Apríl 2020 | Ágúst 2020 | Stjórnendur | Að nemendur á unglingastigi hafi val í námi um fimmtungi námstímans. |
| • Setja betur fram í námsvísum og bekkjarskrám hvernig á að vinna með sérstakar áherslur skólans, s.s. útinám og spjaldtölvur | Að fram komi í námsvísum hvernig unnið er með sérstakar áherslur skólans. | Ágúst 2019 | Ágúst 2020 | Stjórnendur | Eftirfylgni af hálfu stjórnenda að áherslur skólans séu sýnilegar í námsvísum. |
| • Bæta þarf nýtingu námstímans í kennslustundum. | Að kennslutími nemenda sé nýttur til náms. Í nestistíma mun verða markviss samræða leidd af kennara. Farið verður yfir markvissar leiðir til yndislesturs. | September 2019 | Skólaárið 2019-2020 | Stjórnendur/kennarar | Eftirfylgni af hálfu stjórnenda. |

MENNTAMÁLASTOFNUN

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| • Samræma betur milli stiga hvernig markmið og áætlanir nemenda eru settar fram. | Þessi markmiðsvinna hefur verið í gangi síðan 2016. Er lokið í 8.-10. bekk. Á síðasta skólaári var unnið með stærðfræði og íslensku á yngra stigi og allar aðrar námsgreinar klárast á þessu skólaári. | Hafið | Vor 2020 | Stjórnendur/ kennarar | Samræmi í markmiðum og áætlunum. |
| • Ræða markmið náms og kennslu við nemendur og tengja áætlanir um nám hæfnimarkmiðum námskrár. | Vinna við þetta er á lokastigi í Lindaskóla. Höfum tekið þetta í skrefum. Byrjað var í unglingadeild þar sem þessu er lokið. Á síðasta skólaári var verið að vinna þetta í 1.-7. bekk og mun sú vinna klárast í vor. | Hafið | Vor 2020 | Stjórnendur/ kennarar | Að áætlanir um nám tengist hæfniviðmiðum námskrár. Yfirfarið af stjórnendum |
| • Gera námsaðlögun sýnilega í námsvísum og huga að tengslum áætlana við mat á stöðu nemenda. | Námsvísar verða rýndir m.t.t. sveigjanleika og val á aðferðum, námsmati og sveigjanleika í námi einstaklings. Þegar nemendur bregða frá markmiðum er búin til einstaklingsnámskrá. | Skólaárið 2019-2020 | Skólaárið 2019-2020 | Stjórnendur/ sérkennarar | Stoðteymi skólans er ráðgefandi og fer yfir þennan hluta kennsluáætlana |
| • Gera námsaðstæður nemenda þannig að enn frekar reyni á samstarf og samræður um námið. | Lindaskóli er að innleiða teymiskennslu í skólastarf. Í teymiskennslu hafa kennarar tækifæri til fjölbreyttra kennsluhætta sem henta aðstæðum hverju sinni. Kynning og samtal kennara verður aukið enn frekar á þessu skólaári með það fyrir augum að skoða hvort breyttir kennsluhættir sé til bóta fyrir nemendur. | September 2019 | Skólaárið 2019-2020 | Stjórnendur/kennarar | Jafningastuðningur. Lærdómssamfélag. styðja kennara í þróun kennsluhátta. |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| • Efla þátttöku nemenda í skipulagi, framkvæmd og mati á námi. | Markvisst er verið að innleiða sjálfsmat/jafningjamat í 1.-7. bekk. Búið í 8.-10. bekk. | Hafið. | Vor 2020 | Stjórnendur/kennarar | |
| • Gera þarf nemendum grein fyrir niðurstöðum kannana sem þeir taka þátt í um skólastarfið og til hvers þær leiða. | Að nemendum sé gerð grein fyrir niðurstöðum kannana og til hvers þær leiða. | Hafið | Að vori 2020 | Stjórnendur/ umsjónarkennarar. | Eftirfylgni stjórnenda. |
| • Sjá til þess að nemendafulltrúar í skólaráði séu boðaðir á alla fundi og styrkja þá við að miðla upplýsingum til sinna umbjóðenda. | Fulltrúar nemenda boðaðir á alla skólaráðsfundi. Á fyrsta fundi skólaársins eru þeir upplýstir um hlutverk sitt í ráðinu. | September 2019 | Skólaárið 2019-2020 | Skólastjóri | Þess verður gætt að nemendafulltrúar verði boðaðir á alla fundi. |
| • Kynna fyrir nemendum skráð verklag um aðkomu þeirra að ráðum og nefndum. | Nemendur sé kynnt það verklag um aðkomu þeirra að ráðum og nefndum. | September 2019 | September 2019 | Stjórnendur/umsjónarkennarar | Þess verður gætt að nemendur fái kynningu um aðkomu þeirra. |

| Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta | Hvenær hefst | Hvenær lokið | Ábyrgðaraðili/ar | Endurmat, hvenær/hvernig |
|---|---|---|---|---|---|
| **Svið III – Innra mat** | | | | | |
| • Útbúa langtímaáætlun fyrir innra mat og birta. | Langtímaáætlun er í vinnslu. | Mars 2019 | Nóvember 2019 | Aðstoðarskólastjóri / sjálfsmatsteymi | Langtímaáætlun er stöðugt í endurmati og uppfærslu hjá sjálfsmatsteymi skólans |
| • Gera þarf betur grein fyrir þeim gögnum sem aflað er til innra mats fyrir utan Skólapúls. | Lagðar hafa verið fyrir kannanir fyrir utan Skólapúlsinn og gerð grein fyrir þeim niðurstöðum í sjálfsmatsskýrslum skólans, s.s. um teymiskennslu og haustfundi.<br>Nú verður unnið að því að gera betur grein fyrir niðurstöðum samræmdrar prófa og lesturs sem Menntamálastofnun leggur fyrir. | September 2019 | Október 2019 | Sjálfsmatsteymi | Endurmat á hverju vori í tengslum við kaffihúsafund um innra mat skólans. |
| • Skilgreina frekar hvaða viðmið um árangur skólinn stefnir að, s.s. tengt sérstöðu skólans og námsárangri. | Viðmið voru birt í langtímaáætlun skólans; ,,Sjálfsmatsáætlun 2015-18“. Í nýrri sjálfsmatsáætlun verður skilgreiningin ítarlegri. | September 2019 | Nóvember 2019 | Sjálfsmatsteymi | Endurmat á hverju vori/hausti í tengslum við kaffihúsafund og skýrslugerð. |
| • Finna leiðir til að meta reglulega sérstöðu skólans. | Sérstaða skólans metin reglulega með sérstökum könnunum. Tímasetningar og leiðir settar inn í sjálfsmatsáætlun skólans. | September 2019 | Nóvember 2019 | Sjálfsmatsteymi | Endurmat á sérstöðu skólans á 3. - 4. ára fresti með nýrri könnun. Mat leiðum endurskoðað. reglulega í sjálfsmatsteymi. |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| • Virkja betur skólaráð við ákvarðanatöku um innra mat. | Sameiginlegur vinnufundur skólaráðs og sjálfsmatsteymis. Bjóða skólaráði á kaffihúsafundi að vori. Kynning og umræður í skólaráði verður áfram. | Skólaárið 2019-2020 | Alltaf í gangi | Stjórnendur | Mat á virkni skólaráðs á innra mati fer fram á fundi með skólaráði og sjálfsmatsteymi vorið 2020. |
| • Nýta formlegt mat á kennslu og kennsluháttum, setja skýr viðmið og gera hagsmunaaðilum þau ljós. | Stjórnendur meta reglulega kennslu og kennsluhætti með heimsóknum í kennslustundir. Gátlisti með skýrum viðmiðum nýttur til endurgjafar til kennara.<br>Einnig er mat á kennslu í Skólapúlsinum. | Skólaárið 2019-2020 | Að vori | Stjórnendur / sjálfsmatsteymi | Endurmat í framhaldi af heimsóknum stjórnenda í kennslustundir. |
| • Gera grein fyrir hvernig markmið skólans verða metin og setja viðmið um árangur sem stefnt er að. | Markmið skólans metin reglulega með sérstökum könnunum. Tímasetningar og leiðir settar inn í sjálfsmatsáætlun skólans. | Skólaárið 2019 - 2020 | Nóvember 2019 | Sjálfsmatsteymi | Endurmat 3ja ára fresti með nýrri könnun. Mat og viðmið um árangur endurskoðað reglulega í sjálfsmatsteymi. |
| • Kynna niðurstöður kannana og innra mats fyrir nemendum. | Fulltrúar nemenda í skólaráði fá kynningu á niðurstöðum. Þeir fá síðan tækifæri til að kynna niðurstöður til annarra nemenda með aðstoð frá fulltrúa úr sjálfsmatsteymi. | Október 2019 | Mars 2020 | Stjórnendur | Þess er gætt að nemendur fái kynningu á innra mati skólans. |

| Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta | Hvenær hefst | Hvenær lokið | Ábyrgðaraðili/ar | Endurmat, hvenær/hvernig |
|---|---|---|---|---|---|
| **Svið IV –** Spjaldtölvunotkun | | | | | |
| • Vinna sáttmála um notkun snjalltækja í skólanum í samvinnu við nemendur. | Að skapa umræðu við nemendur um notkun snjalltækja í frítíma í skólanum. | Október 2019 | Vor 2020 | Skólastjórnendur og kennarar | Að vori. Við samtali við nemendur um hvernig gengur. |
| • Vinna með nemendum og foreldrum að reglum eða tilmælum um notkun á tækjunum heima fyrir. | Helsta hlutverk spjaldtölvunnar er námstæki. Að foreldrar séu upplýstir í hvaða tilgangi nemendur þurfa að nota tölvurnar heima og hvenær. Vikupóstur/mentor. Á hverju hausti eru kynningar fyrir foreldra barna í 5. bekk. | Haust 2019 | Vor 2020 | Skólastjórnendur/ kennarar/kennsluráðgjafi | Eftirfylgni reglulega af hálfu stjórnenda. |
| • Efla enn frekar fjölbreytta kennsluhætti með notkun upplýsingatækni. | Að styðja kennara til þess að nýta kosti spjaldtölvunnar til kennslu þegar það á við. | Hafið | Í stöðugri þróun | Skólastjórnendur, fagstjóri í UT | Eftirfylgni stjórnenda, samtal við kennara. |
| • Gera betur grein fyrir hvernig tæknin er nýtt til að ná markmiðum náms, ekki bara setja fram nöfn á forritum sem nýta á. | Við gerð námsáætlana skal gera grein fyrir því hvernig tæknin er nýtt til þess að ná markmiðum náms. | September 2019 | Vor 2020 | Stjórnendur og kennarar | Eftirfylgni stjórnenda við námskrárvinnu. |
| • Bregðast þarf markvisst við þegar sýnt er að spjaldtölvunotkun til annars en náms getur náð tökum á nemendum sem ekki hafa góða sjálfstjórn. | Nemendum er gerð grein fyrir því að spjaldtölvur er fyrst og fremst vinnutæki í skólanum. Nemendur fá kynningu á stafrænni borgaravitund. Reglur um ábyrga notkun eru sýnilegar um skólann og kynntar nemendum. | Hafið | Allt skólaárið | Kennarar og stjórnendur. | Eftirfylgni stjórnenda og spjaldtölvuteymis. |
| • Efla samskipti og upplýsingar til foreldra um notkun spjaldtölvanna svo | Foreldrar upplýstir hvernig og hvenær spjaldtölvur eru notaðar til skólastarfs heima. Notkun þess fyrir utan er á | Skólaárið 2019-2020 | Skólaárið 2019-2020 | Kennarar | Eftirfylgni stjórnenda |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| sem hvaða gögn og forrit verið er að nota í námi og kennslu og tilgang og markmið spjaldtölvunotkunar heima. | ábyrgð foreldra. Upplýsingar í skólanámskrá og á mentor. | | | | |